

Greinargerð með lokaverkefni til B.Ed. -prófs

GLINGUR

Handbók um skartgripagerð með nemendum
á elsta stigi grunnskóla

Andrea Marel Þorsteinsdóttir



Kennaraháskóli Íslands
Grunnskólakennarafræði
Apríl 2008

Greinargerð með lokaverkefni til B.Ed. -prófs

GLINGUR

Handbók um skartgripagerð með nemendum
á elsta stigi grunnskóla

Andrea Marel Þorsteinsdóttir

Kennaraháskóli Íslands
Grunnskólakennarafræði
Apríl 2008

Ágrip

Handbókin **GLINGUR** - *Handbók um skartgripagerð með nemendum á elsta stigi grunnskóla* er sett fram sem upplýsinga- og uppflettirit handa nemendum og kennurum. Í handbókinni er útskýrt hvernig hægt er að nýta sér pappír, leir, gler og málm í skartgripagerð. Í hverjum kafla er fjallað um eitt efnanna og eiginleika þess auk áhalda og verkfæra sem henta hverju sinni. Hver kafli inniheldur 1-3 verklýsingar sem nemendur geta unnið skartgripa eftir í sjálfstæðri vinnu. Í lok hvers kafla er fjallað um hvernig hægt sé að skreyta skartgripina. Áhersla er lögð á eigin hönnun og opnar verklýsingar. Handbókin er ætluð til að ýta undir áhuga nemenda á hönnun og handverki og hvetja til sjálfstæðrar sköpunar með því að auka skilning og þekkingu nemenda á eiginleikum efnanna og vinnuaðferðum.

Formáli

Í handbókinni er unnið með fjölbreytt efni og komu ýmsar heimildir að gagni við gerð hennar. Má helst nefna munnlegar heimildir frá reyndum kennurum. Sérstaklega eiga leiðsagnarkennararnir Agnes Þorleifsdóttir og Brynjar Ólafsson þakkir skilið fyrir faglegt álit, yfirlestur og ábendingar. Höfundur má einnig til með að þakka Jóhönnu Vigdís Þórðardóttur, Ásrúnu Tryggvadóttur og Gísla Þorsteinssyni fyrir góða og áhugavekjandi kennslu á þeim vinnuaðferðum sem fram koma í handbókinni. Áhugi og þekking höfundar á efninu er að mestu tilkomin vegna náms í Kennaraháskóla Íslands.

Efnisyfirlit

Handbók um skartgripagerð.....	6
Kynning á handbókinni, efnisöflun, framgangur og skipulag	6
Rökstuðningur fyrir vali viðfangsefnisins	7
Markmið með gerð handbókarinnar.....	8
Fræðileg umfjöllun.....	9
Hvernig tengist handbók um skartgripagerð kenngslu í grunnskóla?.....	11
Hverjum nýtist handbókin og hvernig?.....	13
Lokaorð	13
Heimildir	14

Handbók um skartgripagerð

Viðfangsefni greinargerðarinnar er handbók um skartgripagerð fyrir elsta stig grunnskóla. Handbókin útskýrir grunnaðferðir nokkurra listforma sem hægt er að nota til skartgripagerðar með unglingum í grunnskólakennslu og einnig í frítímastarfi innan skóla. Bókin er sett fram sem handbók fyrir nemendur en hugsuð sem upplýsinga- og uppflettirit bæði fyrir nemendur og kennara.

Kynning á handbókinni, efnisöflun, framgangur og skipulag

Við undirbúning og gerð handbókarinnar komu eigin glósur og ferilmöppur úr Kennaraháskólanum að miklu gagni auk annars lesefnis. Einnig kom að góðum notum eigin reynsla af vinnu með þau efni sem fjallað er um í bókinni. Að reyna sjálfur að gera hlutina er besti lærdómurinn. Uppsetning handbókarinnar var mikilvægur þáttur í gerð hennar og var mikil vinna lögð í að skoða hver rökrétt röð kaflanna skyldi vera og hvernig væri hægt að setja ákveðin atriði skýrt og skiljanlega fram.

Bókin hefst á stuttri umfjöllun um hugmyndavinnu. Fjallað er um mikilvægi hugmynda- vinnu og skissugerðar í sköpun. Tillögur eru settar fram um hvernig hægt er að afla sér innblásturs og komast af stað í hugmyndavinnunni. Einnig er komið inn á muninn á skissuteikningum í tvívídd og þrívídd. Listformin sem tekin eru fyrir í bókinni eru fjögur. Það eru pappírsmótun, leirmótun, glerbræðsla og málmsmíði. Í hverri grein fyrir sig er umjöllun um efnið sem notað er auk nákvæmrar lýsingar og útskýringar á þeim áhöldum sem nota þarf við vinnuna. Einnig koma fram ein eða fleiri verklýsingar í hverju listformi sem er grunnur að fallegum skartgrip. Að verklýsingunum loknum má finna kafla um skreytingar skartgripanna til að hvetja nemendur að nota hugmyndaflugið og setja sinn eigin svip á skartgripinn. Með hverju listformi fylgja nokkrar útskýringamyndir til að auðvelda nemendum og kennurum að læra meira um hverja grein fyrir sig. Í lok hvers kafla koma svo fram góð ráð sem gott er að hafa í huga við vinnu með aðferðinni.

Verklýsingar í bókinni eru hafðar opnar svo að nemendur hanni og skapi skartgripinn á eigin spýtur en ekki eftir tilbúinni fyrirmynd. Þannig er hægt að vinna marga gjörólíka skartgripi eftir sömu verklýsingu. Í bókinni eru ekki sýndar myndir af tilbúnum verkum

sem unnin eru eftir verklýsingunum. Það er gert til að nemendur hafi algerlega opinn hug fyrir sinni hönnun og fyllist ekki vanmætti ef þeirra verk er ekki alveg eins og það á myndinni.

Pappírinn er tekinn fyrir fyrst þar sem hann er það efni sem nemendur hafa þekkt lengst og unnið með frá unga aldri. Að hafa tilfinningu fyrir eiginleikum efnis er mikilvægt í meðhöndlun þess og flestir hafa mikla tilfinningu fyrir eðli og eiginleikum pappírs. Leir kemur í framhaldi af pappírnum þar sem flestir nemendur hafa einhverja reynslu af vinnu með leir. Leir hefur verið mikið notaður í myndmenntakennslu og má því búast við að flestir nemendur á unglingastigi hafi unnið með leir nokkrum sinnum. Þegar nemandinn hefur prófað sig áfram í vinnu með pappamassa og leir hefur hann vonandi öðlast meira traust á sjálfan sig sem skapandi einstakling, auk þess sem hann hefur bætt við sig þekkingu og færni. Þá er gaman að prufa sig áfram í flóknari aðferðum og læra inn á ný og spennandi áhöld og verkfæri. Glerbræðsla og málmsmíði eru greinar sem krefjast meiri notkunar áhaldna og geta aðferðirnar í þeim greinum hljómað flóknari í fyrstu. Nemendur á elsta stigi grunnskóla hafa líklega fæstir mikla reynslu af vinnu með gler og ákvað ég því að hafa það í seinni hluta bókarinnar.

Áríðandi var að kaflaskipta bókinni skipulega og hafa samræmi milli undirkafla hvers kafla. Í efnisyfirliti kemur fram blaðsíðutal fyrir hvern þátt og ætti því að vera auðvelt að fletta upp upplýsingum. Eigin reynsla af vinnu með unglingum hefur kennt mér að mikil formlegheit í orðalagi og flókin óútskýrð orð geta haft fælandi áhrif og reyndi ég því að útskýra mál mitt sem best og hafa verklýsingar eins einfaldar og hægt var. Myndir eru á sumum stöðum í bókinni til að útskýra betur ýmis atriði. Þegar unnið er með eld eða ofna er tekið sérstaklega fram að vinna skuli undir handleiðslu kennara.

Rökstuðningur fyrir vali viðfangsefnisins

Þetta viðfangsefni varð fyrir valinu vegna þess að ég hef mikinn áhuga á hverskyns hönnun og handverki. Við nám í Kennaraháskóla Íslands hef ég getað nýtt mér sköpunargleði mína í hinum ýmsu námskeiðum og lært fjöldann allan af skemmtilegum aðferðum sem hægt er að nota í kennslu. Á meðan ég hef stundað námið hef ég punktað hjá mér

aðferðir sem gætu hentað mér til að nýta í frítíma mínum, enda hef ég alla tíð leikið mér með hin ýmsu efni auk þess að búa til skartgripni og ýmsa gjafavöru handa mínum nánustu. Þess vegna fannst mér tilvalið að setja saman þessa handbók til að dýpka þekkingu mína á áhugasviði mínu í kennslu.

Í vettvangsnámi hitti ég og samnemandi minn kennara sem var með námskeið í skartgripagerð en kunnir takmarkaðar vinnuaðferðir. Þar kom reynsla okkar úr Kennaraháskólanum að gagni, enda vorum við nýbúnar að tileinka okkur glerbræðsluaðferðina. Með því að deila þekkingu okkar varð námskeiðið mun fjölbreyttara og skemmtilegra, bæði fyrir nemendur og kennara. Einnig lærðum við heilmikið þar sem kennarinn hafði upp á ýmsa þekkingu að bjóða sem við höfðum ekki. Að mínu mati er mikilvægt sem kennari að tileinka sér nýjar hugmyndir og aðferðir til að staðna ekki í starfi. Að vera áhugasamur um kennslu og námsefni sést á fasi kennara. Hjá áhugasömum kennara má sjá lifandi innri kraft. Þeir kennarar ná líka betri árangri (Ingvar Sigurgeirsson, 1999b).

Ég tel fjölbreytni vera mikilvæga í skólastarfi enda viljum við koma til móts við nemendur okkar á eins marga vegu og hægt er. Kennarar eiga að reyna sitt besta að vera hugmyndaþróunir í efnisvali í listgreinakennslu. Það er svo mikið af efnum í boði til að nota í kennslu og kröfurnar sem við gerum til okkar sem kennarar eiga að vera háar. Þegar nemandi útskrifast úr grunnskóla á hann að hafa fengið að vinna með fjölbreyttan efnivið á sem fjölbreyttastan hátt (Hurwitz og Day, 2001). Þess vegna finnst mér vel til fundið að kenna nemendum að vinna fallega skartgripni úr mismunandi efnum. Ég komst að því í viðræðum við listgreinakennara að ekki er til mikið íslenskt efni um skartgripagerð með grunnskólanemendum. Þá var svo komið að mér fannst ekki aðeins tilvalið að gera bókina til að dýpka mína eigin þekkingu, heldur einnig fyrir aðra kennara sem grípa jafnvel í tómt þegar leitað er eftir skriflegu efni til að styðjast við í kennslunni.

Markmið með gerð handbókarinnar

Markmið með þessu verkefni er að bjóða kennurum og nemendum upp á leið til að ná markmiðum aðalnámskrár á skemmtilegan og skapandi hátt. Í myndmenntahluta aðalnámskrár er lagt til að nemendum í 9. og 10. bekk sé boðið upp á valnámskeið í

ákveðnum aðferðum. Þetta verkefni sem ég legg fram hér er meðal annars tillaga að valnámskeiði af þessu tagi þar sem nemendum er gert kleift að æfa sig í ákveðnum aðferðum innan listarinnar og dýpka þekkingu sína á þeim. Í aðalnámskrá kemur fram þegar nemendur ljúka 10. bekk eiga þeir að geta fylgt hugmynd til endanlegs verks, geta unnið sjálfstætt að eigin sköpun og nýtt sér til þess undirstöðuaðferðir myndlistar (Menntamálaráðuneytið, 2007b).

Í hönnun og nýsköpun er gert ráð fyrir að nemendur geti nýtt sér skissutækni við vinnu sína, teiknað upp hugmyndir sínar, valið úr þeim og útfært þær gegnum hönnunarferlið. Í áfangamarkmiðum fyrir 10. bekk í smíði er svo gert ráð fyrir að nemendur hafi unnið með og kynnt sér eiginleika mismunandi smíðaeigna. Einnig eiga þeir að hafa kunnáttu til að nota viðeigandi verkfæri fyrir hvert þeirra. Þá þurfa nemendur að geta valið sér hentugt smíðaeigni eftir eigin smekk og eðli verkefnisins þegar framkvæma á hugmynd (Menntamálaráðuneytið, 2007a). Nemandi myndi til dæmis læra mikið af því að útfæra sömu hugmyndina í öll fjögur efnin sem unnið er með í bókinni. Í því fælist heilmikil æfing í mótun og þrívíðri hugsun auk þess sem nemandinn myndi öðlast betri skilning á eiginleikum hvers efniviðs.

Að mínu mati stuðlar lokaverkefni mitt að því að hægt sé að ná þessum markmiðum með nemendum með kennslu sem bæði nemendur og kennari gætu haft gaman af. Síðast en ekki síst er haft að markmiði í aðalnámskrá að nemendur hafi öðlast jákvætt viðhorf til verklegs náms. (Menntamálaráðuneytið, 2007a). Ég tel að með því að gefa nemendum kost á að þróa sína hugmynd og framkvæma sína eigin hönnun með mismunandi aðferðum og efnivið ýtum við undir áhuga og sköpunargleði nemenda.

Fræðileg umfjöllun

Fá verkefni eru jafn lærdómsrík eins og skapandi verkefni sem nemendur taka þátt í að velja, móta og þróa. Kennsluaðferð af þessu tagi myndi flokkast undir útlistunaraðferð, verklega kennslu og sjálfstæð skapandi viðfangsefni. Þá er átt við að kennslan fer fram með innlagn og sýnikennslu á aðferðum en um leið eru verkefni höfð opin þar sem nemandinn hannar verkefnið og þróa það sjálfur (Ingvar Sigurgeirsson, 1999a). Með hand-

bókinni er nemandanum einnig gert kleift að hafa verklýsinguna beint fyrir framan sig á meðan hann prufar sig áfram með efniviðinn. Ásamt verklýsingunni hefur hann upplýsingar um efnið og áhöldin og getur því lært mikið á eigin spýtur. Það skiptir svo miklu máli að gera sjálfur, fá að prófa og skilja viðfangsefnið. Það ætti ekki að mæla hversu vel efni hefur verið lagt á minnið heldur æfa sig í að framkvæma. Á þetta lagði heimspekingurinn John Dewey áherslu í sínum hugleiðingum um menntun. (John Dewey, 1933/2000)

Í grein sinni *Hvert stefnir? Hvað fór úrskaiðis? Hugleiðing um þekkingu og skólustarf* skrifar Hafþór Guðjónsson um afstöðu Dewey til menntunar og sína upplifun af mál-efninu. Hafþóri finnst skóli eiga að vera þróttmikið samfélag sem hjálpar börnum til athafna og skapandi iðju. Hann spyr mikilvægrar spurningar: „Er ekki hlutverk skólanna að hjálpa börnum að **verða** – að **skapa** sig sjálf – að **læra að skapa sig sjálf**?“ Að leyfa nemendum að vera með í ráðum í námi sínu í skólanum er ómetanlegt. Að skapa, leggja hug og vinnu í verkefni og sjá svo árangurinn er svo eftirminnileg reynsla. Hafþór minnst í því sambandi á upplifun sína sem nemandi á sínum yngri árum þegar hann hafði afskaplega gaman af smíðatímunum í grunnskóla. Stórkostlegasta minning hans úr skólagöngunni var þegar hann fór með foreldrum sínum á handavinnusýninguna og sýndi sköpun sína. Við það fannst honum hann hafa skapað hluti og sjálfan sig í leiðinni (Hafþór Guðjónsson, 2002). Þetta er tilfinning sem svo margir kannast við. Að sjá erfiðisvinnu skila sér í góðum árangri. Því finnst mér frábært að gera lokaverkefni sem getur mögulega kennt nemendum aðferðir og þannig lagt þeim verkfæri í hönd til að skapa sjálfir.

Margir nemendur eru gæddir einstökum listrænum hæfileikum. Þessa hæfileika þarf að finna og þjálf. Oft þurfa nemendur á hvatningu að halda til að nýta hæfileika sína til fulls. Gott er að vinna í umhverfi sem ýtir undir sköpunargleði og sjálfstæða vinnu einstaklingsins. Kennarar geta notað kennslusvæði sitt til að draga fram, styrkja og þróa listræna hæfileika nemenda sinna (Clark og Zimmerman, 2004). Að mínu mati er kennsluumhverfi í smíðastofum til að mynda mjög hvetjandi umhverfi fyrir list- og verkgreinakennslu. Þar er vinnubekkur fyrir hvern og einn nemanda, mismunandi

efniviður og verkfæri allt um kring og hægt að vinda sér strax í að skapa. Allt sem þú þarft er til staðar í kringum þig og undir þér komið að gera úr því frumlegt og fallett verk.

Hvernig tengist handbók um skartgripagerð kennslu í grunnskóla?

Handbók um skartgripagerð með nemendum kemur að góðum notum í kennslu. Listformin sem tekin eru fyrir í bókinni eru í eðli sínu ólík en öll listgreinakennsla er ætluð til að efla sjálfsvitund nemenda og þroska sköpunargáfu þeirra. Meðal annars er verið að þjálfa skilning nemenda á skynjun og tjáningu með kennslu listgreina (Menntamálaráðuneytið, 1997). Nemendur læra mikið af því að hanna og framkvæma. Þegar einstaklingur kemur auga á getu sína til að hafa áhrif með sköpun sinni, breytist eitthvað innra með honum. Að sjá hlut verða til gefur aukinn skilning á umhverfinu. Sérhver hlutur á sitt sköpunarferli. Hann á upphaf sitt að rekja til hugmynda og til að framkvæma hana þarf skapari hlutarins að nýta sér þekkingu sína og færni. Með kennslu í listgreinum, hönnun og smíði aukum við þekkingu og færni nemenda til að framkvæma hugmyndir sínar. Þannig sameinum við hug og hönd, hugsun og framkvæmd (Menntamálaráðuneytið, 1999).

Flestir eiga það til að gleyma vinnunni sem liggur að baki öllum þeim hlutum sem við notum í okkar daglega lífi, til dæmis húsgögnunum sem gera okkur lífið þægilegra og fötunum og skartgripunum sem við skreytum okkur sjálf með. Hönnun ætti að tengjast öllu námi og starfi og er markmið með kennslu hennar til dæmis að nemendur skilji hvaðan hugmyndir koma og hvernig hugmyndir verða til (Menntamálaráðuneytið, 1997). Með því að kenna hönnun og sköpun virkjum við nemendur í að hugsa um upphaf alls í umhverfi sínu og minnum þá á að taka ekki öllu sem sjálfsögðum hlut. Þegar nemandi hannar hlut á sér stað mat innra með honum sem þroskar tilfinningu hans fyrir gildi hlutanna (Menntamálaráðuneytið, 2007a). List- og verkgreinakennsla er rétt eins mikilvæg og kennsla annarra námsgreina.

Art is necessary, not just "nice" (Hurwitz og Day, 2001:27)

Í námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri sem gefin var út árið 1960 er mismunandi námskrá fyrir stúlkur og drengi í handavinnu. Þar er talað um handavinnu stúlkna sem á unglíngastigi byggist aðeins á saumi. Hins vegar byggist handavinna drengja einungis á smíði úr mismunandi efniviði ásamt bókbandsnámi (Menntamálaráðuneytið, 1960). Listkennsla á þessum tíma samanstóð aðeins af fyrrnefndri handavinnu og teiknun. Í teiknun var farið í teikniæfingar, málun og heimsóknir á verkstæði, listasýningar og söfn (Menntamálaráðuneytið, 1960). Hlufall handmennta og lista samanlagt hefur ekki aukist frá 1960 en þrátt fyrir það má sjá að tímarnir eru að mörgu leyti breyttir.

Uppi eru gagnrýnisraddir vegna stöðu listgreina í grunnskólum. Nemendum er boðið að taka samræmd próf í bóklegum námsgreinum. Þannig geta nemendur valið að taka próf í greinum sem þeir vilja leggja áherslu á í framhaldsskóla. Nemendum sem hyggjast leggja fyrir sig listnám stendur hins vegar ekki til boða samræmt námsmat. Af því má dæma að mun meiri áhersla sé lögð á bóklegar greinar en list- og verkgreinar í undirbúningi fyrir framhaldsskóla. Í inngangi Aðalnámskrár grunnskóla fyrir listgreinar er því haldið fram að skólinn sé samfélag og að þar eigi listir að leika sama hlutverk og í þjóðfélaginu í heild sinni (Menntamálaráðuneytið, 2007b). Í samfélaginu er algengt að heyra því haldið fram að þeir nemendur sem skara fram úr í listgreinum séu oft ekki eins vel að sér í bóklegum greinum. Það gæti haft þau áhrif að fólk telji ómeðvitað listgreinarnar ekki eins mikil-vægar og þær bóklegu heldur einhvers konar afgangsgrein fyrir þá sem eru ekki góðir í skóla. Samkvæmt Gilbert Clark og Enid Zimmerman er þetta útbreiddur misskilningur því nemendur sem séu framarlega í námi í listgreinum séu líka oft framarlega í námi í öllum öðrum námsgreinum. (Clark og Zimmerman, 2004)

List- og verkgreinakennsla er þó mjög mikilvæg fyrir þá sem eiga ekki auðvelt með bóklegt nám. Þeir nemendur öðlast oft sjálfstraust í list- og verkgreinum þar sem þeir geta tjáð sig og gert vel. Verklek kennsla er stundum notuð í sérkennslu og hefur það gefist afar vel. Ég tel að til að breyta hlutunum og sýna fram á mikilvægi listgreinanna þurfum við að leggja enn harðar að okkur við skipulag listgreinanámsins og gera listirnar sýnilegri. Með því að bjóða upp á spennandi nám og fjölbreytt verkefni getum við vakið meiri áhuga á málefnum. Skartgripagerð með unglíngum á fullt erindi inn í grunnskólann að

Því leyti að það eykur fjölbreytni listgreinakennslunnar og afurðirnar eru fallegar og nýtast í daglegu lífi. Ef haldið væri valnámskeið í skartgripagerð væri jafnvel hægt að halda sýningu á verkum nemenda í skólanum og bjóða foreldrum, öðrum kennurum og jafnvel ráðamönnum úr menntamálaráðuneytinu að koma og sjá árangur nemendanna. Það myndi eflaust vekja áhuga á þeirri skemmtilegu listgreinakennslu sem fer fram innan veggja grunnskóla um land allt.

Hverjum nýtist handbókin og hvernig?

Skortur hefur verið á íslensku efni um skartgripagerð með unglingum og vonandi getur handbók þessi nýst eitthvað í þeim efnum. Ætlunin var að gera handbók sem nemendur gætu notað við nám í list- og verkgreinum og með notkun hennar gætu nemendur náð hluta af þeim markmiðum sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Nemendur geta lesið og nýtt sér bókina í sjálfstæðri vinnu undir eftirliti kennara, jafnt í almennri listgreinakennslu sem og í valnámskeiðum í hönnun, smíði, myndmennt eða í námskeiðum sem er ætluð sérstaklega fyrir skartgripagerð. Kennarar geta nýtt sér hana til að rifja upp aðferðir sem hafa kannski ekki verið notaðar lengi og haft hana til taks ef fara á af stað með valnámskeið af þessu tagi. Ekki hafa allir listgreinakennarar í skólum sama bakgrunn og er því ekki hægt að ætlast til að í hverjum skóla sé einn kennari sem kann allar aðferðirnar sem koma fram bókinni. Með notkun bókarinnar og með því að nýta þekkingu samkennara sinna ætti hinn almenni listgreinakennari auðveldlega að geta séð um námskeið í skartgripagerð.

Lokaorð

Vonandi kemur **GLINGUR: handbók um skartgripagerð** til með að vera til í einhverri smíða- eða listgreinastofu og nýtast til kennslu nemenda á elsta stigi. Ég veit að ég mun allavega nýta mér handbókina í minni kennslu í framtíðinni, rifja upp aðferðirnar og miðla minni þekkingu áfram til nemenda minna.

Heimildir

Clark, G. & Zimmerman, E. (2004). *Teaching Talented Art Students*. USA: Columbia University.

Dewey, J. (2000). *Hugsun og menntun*. (Gunnar Ragnarssonar, þýð.). Reykjavík: Rannsóknastofnun kennaraháskóla Íslands. (Frumútgáfa 1933)

Finney, M., Chapman, C & Horsley, M. (2004). *Hönnun og tækni*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Hafþór Guðjónsson (2002). *Hvert stefnir? Hvað fór úrskeiðis? Hugleiðing um þekkingu og skólastarf*. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. 2002. Skoðað 24. mars 2008 á <http://netla.khi.is/greinar/2002/017/index.htm>

Hurwitz, A. & Day, M. (2001). *Children and their art - methods for the elementary school*. USA: Thomson Learning.

Ingvar Sigurgeirsson (1999a). *Að mörgu er að hyggja*. Reykjavík: Æskan ehf.

Ingvar Sigurgeirsson (1999b). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Æskan ehf.

Menntamálaráðuneytið (1960). *Námskrá fyrir nemendur á skólaskyldualdri*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið, forvinnuhópur á námssviði listgreina (1997). *Markmið listkennslu í grunnskólum og framhaldsskólum - Skýrsla forvinnuhóps á námssviði listgreina*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið (1999). *Aðalnámskrá grunnskóla - upplýsinga- og tæknimennt*. Skoðað 24. mars 2008 á vef Menntamálaráðuneytis: <http://www.ismennt.is/vefir/namskra/g/taekni/inngangur.html>

Menntamálaráðuneytið (2007a). *Aðalnámskrá grunnskóla - hönnun og smíði*. Skoðað 24. mars 2008 á vef Menntamálaráðuneytis:

http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_honnunsmidi.pdf

Menntamálaráðuneytið (2007b). *Aðalnámskrá grunnskóla - listgreinar*. Skoðað 24. mars 2008 á vef Menntamálaráðuneytis: http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra-grsk_listgreinar.pdf